

L.M. gegn Ítalíu

Dómur frá 8. febrúar 2005

Mál nr. 60033/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Húsleit. Úrræði til að fá skorið úr um lögmæti aðgerða.

1. Málsatvik

Kærandi er ítalskur ríkisborgari, fædd 1956. Að morgni 11. september 1999 framkvæmdi lögregla leit á heimili hennar í samræmi við ákvæði löggjafar um almannaoýruggi vegna gruns um að þar væri að finna ólögleg skotvopn. Var sonur kæranda grunaður um að hafa ólögleg skotvopn í fórum sínum en hann hafði áður komist í kast við lög.

Engir ólöglegir munir fundust á heimili kæranda. Lögregluskýrsla varðandi leitina var send skrifstofu saksóknara 13. september 1999 en hlaut ekki staðfestingu embættisins eins og skylt var samkvæmt lögum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kært var fyrir brot á 8. gr. og var kæran byggð á því að um ólögmæta leit á heimili kæranda hefði verið að ræða. Þá hélt kærandi fram að hún hefði engin raunhæf úrræði haft til að leita réttar síns vegna leitarinnar eða leggja fram kæru vegna hennar. Taldi hún að með því hefði verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Húsleitinn var talin fela í sér takmörkun á rétti kæranda til friðhelgi einkalífs og heimilis. Dómstóllinn tók fram að lagagrundvöll leitarinnar væri að finna í 41. gr. laganna um almannaoýruggi, en samkvæmt þeim lögum þyrfti að fá staðfestingu saksóknara á skýrslum vegna leitar innan 48 klukkustunda frá því að hún var framkvæmd. Slíkrar staðfestingar væri krafist til að tryggja að athugun færi fram á því hvort um lögmæta leit hefði verið að ræða.

Í máli þessu var ljóst að saksóknaraembættið hafði brugðist skyldu sinni að kanna lögmæti leitarinnar. Höfðu engar ástæður sem réttlættu þetta athafnaleysi komið fram. Var það einróma álit dómstólsins að brotið hefði verið gegn 8. gr. þar sem ákvæðum laganna í þessum eignum var ekki fylgt.

Um 13. gr.: Þar sem kærandi átti ekki kost á raunhæfum úrræðum á grundvelli ítalskra laga til að fá skorið úr um brot á réttindum hennar skv. 8. gr. taldi dómstóllinn að einnig hefði verið brotið gegn 13. gr.

Á grundvelli 41. gr. voru kæranda dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur vegna kostnaðar og útgjalda.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)